

## Fundargerð

162. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**

2. **Ársreikningur 2013.**

Ársreikningur var kynntur og í umræðum kom fram beiðni um að fá sundurliðun á greiðslum til Akureyrarbæjar varðandi þjónustu vegna bókhalds og fjárreiða. Ákveðið var að kalla eftir nánari sundurliðun og senda þær upplýsingar til nefndarmanna. Þá urðu umræður um verkferla þegar gripið er til þvingunarúræða og kostnaðar vegna slíkra aðgerða. Að lokinni umræðu var ársreikningur borinn upp, samþykktur og undirritaður.

3. **Niðurstöður úr sjósýnum við Akureyri.**

Kynntar voru niðurstöður úr sjósýnum við strandlengju Akureyrarbæjar og rætt um mikilvægi þess að gerðar verði úrbætur á fráveitukerfi Akureyrarbæjar, bæði hvað varðar vatnsgæði í Pollinum og einnig hvað varðar lengingu útrásar við Sandgerðisbót. Vandað og fullnægjandi fráveitukerfi er brýn nauðsyn vegna þeirra hagsmuna sem felast í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivistarhagsmuna í Akureyrarbæ.

4. **Niðurstöður úr sjósýnum við Húsavík.**

Kynntar voru niðurstöður úr sjósýnum við strandlengju Húsavíkur og rætt um mikilvægi þess að gerðar verði úrbætur á fráveitukerfi Húsavíkur, bæði hvað varðar vatnsgæði í höfninni og einnig hvað varðar fjöru sunnan hafnar. Vandað og fullnægjandi fráveitukerfi er brýn nauðsyn vegna þeirra hagsmuna sem felast í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivistarhagsmuna í Húsavíkurbæ.

5. **Rannsóknir vegna sýkingar í barni á Akureyri.**

Skýrt var frá sýkingu í barni á Akureyri og rannsóknum vegna þessa.

6. **Gólfefni í bað- og búningsklefum Glerárlaugar.**

Skýrt var frá hálkuslysum í bað- og búningsklefum Glerárlaugar og ráðstöfunum til að fyrirbyggja frekari slys.

7. **Fyrirhuguð breyting á heilbrigðisreglum um hreindýrakjöt.**

Skýrt var frá fyrirhuguðum breytingum á heilbrigðisreglum um eftirlit með hreindýrakjöti; þar sem gert er ráð fyrir að eftirlitsmenn með hreindýraveiði votti heilbrigði og gæði hreindýrakjöts og að gefinn verði kostur á því að veiðimaður geti selt óunnið kjöt af einu dýri á ári að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

## Umsagnir:

8. Deiliskipulag vinnubúða og athafnasvæðis vegna breyttrar legu Hringveggar við Jökulsá á Fjöllum. Skipulagslýsing.
9. Breyting deiliskipulags Dettifossveggar.
10. Hótellóð í landi Grímsstaða.
11. Breyting aðalskipulags Norðurþings 2010-2030, breytt landnotkun á svæði við Krossdal í Kelduhverfi.
12. Nýtt deiliskipulags verslunar- og þjónustureits V8 við Krossdal í Kelduhverfi.
13. Ný náma við Þeistareykjaveg. Umsögn.
14. Garður II í Mývatnssveit. Kynning á deiliskipulagi.
15. Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps og Sel-Hótel Mývatn-deiliskipulag.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 8 til 11.

## Umsóknir um starfsleyfi:

1. Landsvirkjun; Kröfluvirkjun, kt. 420269-1299, endurnýjun starfsleyfis. Samþykkt, enda verði heilbrigðisnefnd upplýst um framgang og framvindu á verkefni sem miðar að því að takmarka og koma í veg fyrir losun á brennisteinseðju í Hlíðardalslæk.
2. Amber, Hlíð, kt. 570801-2360, umsókn um starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofu/hársnyrtistofu. Samþykkt.
3. Adell hárs- og snyrtistofa, kt. 440613-0550, Hólabraut 13, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi. Samþykkt.
4. Sigurlína H. Styrmissdóttir, kt. 061062-2039, Langholti 11, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir innflutningi á vítamínum. Afgreiðslu frestað.
5. Dalvíkurkirkja ásamt safnaðarheimili, kt. 500169-2149, Böggvisbraut, 620 Dalvík, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. Samþykkt.
6. H104 Fasteignafélag ehf, umsókn um starfsleyfi vegna reksturs á gistiheimili að Hafnarstræti 104, 600 Akureyri. Samþykkt.
7. EB miðlun slf (Ráðhúsið Apartment Hotel), kt. 510512-2430, Brekkugötu 1B, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum. Samþykkt.
8. Leó Fossberg Júlíusson, kt. 090175-5569, Múlasíðu 3f, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð. Samþykkt.
9. EB miðlun slf EB miðlun slf (Ráðhúsið Apartment Hotel), kt. 510512-2430, Strandgötu 37, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum. Samþykkt.
10. Gistiþjónusta Akureyrar, kt. 631213-0490, Munkaþverárstræti 32, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum. Samþykkt.
11. Akureyri Central Apartments, kt. 680214-0420, Strandgötu 33, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð. Samþykkt.
12. Útgerðarfélagið Hvammur ehf., kt. 690493-2179, Sjávargötu 1, 630 Hrísey. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. Samþykkt með ákveðnum skilyrðum um meðferð fiskúrgangs frá fyrirtækinu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.20

---

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir  
formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Sigurjón Jóhannesson

---

Þorkell Björnsson

---

Birna Jóhannesdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

María Markúsdóttir

---

Jón Torfi Halldórsson

---

Kristín Halldórsdóttir